

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 372/2014**2014/EES/64/44****frá 9. apríl 2014****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 að því er varðar útreikning á tilteknum tímamörkum, meðferð kvartana og greiningu og varðveislu trúnaðarupplýsinga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins⁽¹⁾, einkum 27. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tengslum við nútímavæðingu reglna um ríkisaðstoð, sem bæði á að stuðla að framkvæmd áætlunarinnar Evrópa 2020 um hagvöxt og styrkingu fjármálastjórnar⁽²⁾, var reglugerð (EB) nr. 659/1999 breytt með reglugerð (EB) nr. 734/2013⁽³⁾ í því skyni að auka skilvirkni eftirlits með ríkisaðstoð. Einkum var markmiðið með þessari breytingu að auka skilvirkni í meðferð framkvæmdastjórnarinnar á kvörtunum og að efla valdsvið framkvæmdastjórnarinnar þannig að hún geti óskað upplýsinga beint frá markaðsaðilum og látið fara fram rannsóknir í greinum atvinnulífsins og á aðstoðarkerfum.
- 2) Í ljósi þessara breytinga er nauðsynlegt að greina atvik sem ákvarða upphafspunktinn fyrir útreikning á frestum í tengslum við upplýsingabeidnir sem beint er til þriðju aðila samkvæmt reglugerð (EB) nr. 659/1999.
- 3) Framkvæmdastjórninni er heimilt að kanna að eigin frumkvæði upplýsingar um ólöglega aðstoð, hvaðan sem þær eru upprunnar, til þess að meta hvort farið sé að ákvæðum 107. og 108. gr. sáttmálans. Í því samhengi eru kvartanir mikilvæg upplýsingaheimild þegar kanna þarf hvort reglur um ríkisaðstoð hafa verið brotnar. Mikilvægt er því að skilgreina skýra og skilvirka málsmeðferð fyrir meðferð kvartana sem berast framkvæmdastjórninni.
- 4) Samkvæmt 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 659/1999 er einungis hagsmunaaðilum heimilt að leggja fram kvartanir í því skyni að upplýsa framkvæmdastjórnina um sérhverja meinta ólöglega aðstoð eða misnotkun aðstoðar. Af þessum sökum ætti að gera þá kröfu til einstaklinga og lögaðila sem leggja fram kvartanir að þeir sýni fram á að þeir séu hagsmunaaðilar í skilningi h-liðar 1. gr. í reglugerð (EB) nr. 659/1999.
- 5) Til að auka hagræði við meðferð kvartana og jafnframt auka gagnsæi og réttarvissu er rétt að skilgreina hvaða upplýsingar kærendur ættu að láta framkvæmdastjórninni í té. Í því skyni að tryggja að framkvæmdastjórnin fái allar viðkomandi upplýsingar varðandi meinta ólöglega aðstoð eða misnotaða aðstoð er gerð um það krafa í reglugerð (EB) nr. 659/1999 að hagsmunaaðilar fylli út og leggi fram eyðublað með öllum tilskildum upplýsingum sem þar er óskað eftir. Því ætti að taka ákvörðun um eyðublaðið sem skal nota í þessum tilgangi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 201/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar „Evrópa 2020 – áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ frá 3. mars 2010 (COM(2010) 2020, lokagerð)

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 734/2013 frá 22. júlí 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 15).

- 6) Kröfur þær sem hagsmunaaðilar eiga að uppfylla þegar þeir leggja fram kvörtun ættu ekki að vera óþarflega íþyngjandi en ættu þó að tryggja að framkvæmdastjórnin fái allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta hafið rannsókn á meintri ólöglegri aðstoð eða misnotkun á aðstoð.
- 7) Til þess að tryggja að farið sé með viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar, sem veittar eru framkvæmdastjórninni, í samræmi við 339. gr. sáttmálans, skal sérhver aðili sem leggur fram upplýsingar auðkenna greinilega hvaða upplýsingar hann telur að fara skuli með sem trúnaðarmál og ástæðu þess. Gera ætti þá kröfu til viðkomandi aðila að hann láti framkvæmdastjórninni í té sérstaka útgáfu af upplýsingunum, sem ekki eru trúnaðarmál, sem unnt væri að leggja fram til viðkomandi aðildarríkja til umsagnar.
- 8) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004⁽⁴⁾ til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 794/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Frestir, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 659/1999 og í þessari reglugerð eða ákveðnir af framkvæmdastjórninni skv. 108. gr. sáttmálans, skulu reiknaðir í samræmi við reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182/71 og sértækar reglur sem eru settar fram í 2. mgr. til 5. mgr. b þessarar greinar. Ef um ósamræmi er að ræða gilda ákvæði þessarar reglugerðar.“

- b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5a. Við ákvörðun á því hvenær frestur hefst til framlagningar upplýsinga, sem óskað er eftir frá þriðju aðilum skv. 6. mgr. 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 659/1999, telst móttaka beiðni um upplýsingar vera tiltekið atvik í skilningi 1. mgr. 3. gr. í reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182/71.

5b. Við ákvörðun á því hvenær frestur hefst til framlagningar upplýsinga, sem óskað er eftir frá þriðju aðilum skv. 7. mgr. 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 659/1999, telst tilkynningin um þá ákvörðun vera tiltekið atvik í skilningi 1. mgr. 3. gr. í reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182/71.“

- 2) Eftirfarandi V. kafli a og V. kafli b bætast við á eftir 11. gr. :

„V. KAFLI A

MEÐFERÐ KVARTANA

11. gr. a

Skilyrði fyrir því að kvartanir séu tækar

1. Sérhver aðili sem leggur fram kvörtun skv. 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 20. gr. í reglugerð (EB) nr. 659/1999 skal sýna fram á að hann sé hagsmunaaðili í skilningi h-liðar 1. gr. í téðri reglugerð.
2. Hagsmunaaðilar skulu fylla út eyðublaðið í IV. viðauka á viðeigandi hátt og veita allar skyldubundnar upplýsingar sem þar er óskað eftir. Að fenginni rökstuddri beiðni frá hagsmunaaðila er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu frá þeirri skyldu að láta í té hluta upplýsinganna sem krafist er á eyðublaðinu.
3. Kvartanir skulu lagðar fram á opinberu tungumáli Sambandsins.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

V. KAFLI b

GREINING OG VARÐVEISLA TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

II. gr. b

Varðveisla viðskiptaleyndarmála og annarra trúnaðarupplýsinga

Sérhver aðili sem leggur fram upplýsingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 659/1999 skal gefa skýrt til kynna hvaða upplýsingar hann telur trúnaðarmál, greina frá ástæðum trúnaðarkvaðarinnar og láta framkvæmdastjórninni í té sérstaka útgáfu af upplýsingunum þar sem trúnaðarmálum er sleppt. Ef veita verður upplýsingarnar innan ákveðins frests skal sami frestur gilda um framlagningu þeirrar útgáfu sem ekki er trúnaðarmál.“

3) Texti viðaukans við þessa reglugerð bætist við sem IV. viðauki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

**EYÐUBLAÐ TIL AÐ LEGGJA FRAM KVARTANIR VARÐANDI MEINTA ÓLÖGLEGA
RÍKISADSTOÐ EÐA MISNOTKUN Á ADSTOÐ**

Reitir sem skylt er að fylla út eru merktir með stjörnu „*“.

1. **Upplýsingar um kvartanda**

Eiginnafn:*

Kenninafn:*

Heimilisfang – lína 1:*

Heimilisfang – lína 2

Bær/Borg:*

Sýsla/fylki/hérað:

Póstnúmer:*

Land:*

Sími:

Farsími:*

Tölvupóstfang:*

Bréfasími:

2. **Ég legg hér með fram kvörtun fyrir hönd annars aðila (einstaklings eða fyrirtækis)**

Já* Nei*

Ef já, veitið einnig upplýsingar um eftirfarandi:

Nafn aðila/fyrirtækis sem þér eruð fulltrúi fyrir:*

Skráningarnúmer einingarinnar:

Heimilisfang – lína 1:*

Heimilisfang – lína 2:

Bær/Borg:*

Sýsla/fylki/hérað:

Póstnúmer:*

Land:*

Sími 1:

Sími 2:

Tölvupóstfang:*

Bréfasími:

Látið fylgja sönnun þess að fulltrúinn hafi heimild til að koma fram fyrir hönd þessa einstaklings/fyrirtækis*

3. Veljið eitt af eftirfarandi sem á við um yður:

- a) Samkeppnisaðili aðstoðarþegans eða aðstoðarþeganna
- b) Atvinnugreinasamtök sem starfa í þágu samkeppnisaðila
- c) Frjáls félagasamtök d) Stéttarfélög
- e) Borgari í Evrópusambandinu
- f) Annað, tilgreinið

Útskýrið af hverju og að hvaða marki meint ríkisaðstoð hefur áhrif á samkeppnisstöðu yðar/samkeppnisstöðu aðilans/ fyrirtækisins sem þér eruð fulltrúi fyrir. Veitið eins mikið af raunhæfum sönnunargögnum og unnt er.

Vakin er athygli á því að skv. 2. mgr. 20. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er einungis hagsmunaaðilum í skilningi h-liðar 1. gr. téðrar reglugerðar heimilt að leggja fram formlegar kvartanir. Ef þér getið ekki sýnt fram á að þér séuð hagsmunaaðili verður þetta eyðublað ekki skráð sem kvörtun og farið verður með upplýsingar sem hér koma fram sem almennar markaðsupplýsingar.

4. Veljið annað hvort af eftirfarandi*

- Já, yður er heimilt að segja deili á mér
- Nei, yður er ekki heimilt að segja deili á mér

Ef ekki, tilgreinið ástæður:

Trúnaður: Ef þér óskið eftir að deili á yður, eða tiltekin skjöl séu ekki gefin upp, eða aðrar upplýsingar, gefið það til kynna á greinilegan hátt, auðkennið trúnaðarhluta skjalanna og rökstyðjið ástæður trúnaðarins. Ef ekki kemur skýrt fram um trúnað varðandi deili á yður eða tiltekin skjöl eða upplýsingar verður farið með þessi atriði sem þau séu ekki trúnaðarmál og heimilt að veita þau aðildarríkinu sem veitir meinta ríkisaðstoð. Ekki er unnt að fara með upplýsingarnar í 5. og 6. lið sem trúnaðarmál.

5. Upplýsingar um aðildarríkið sem veitir aðstoðina*

Vakin er athygli á því að upplýsingar sem veittar eru undir þessum lið teljast ekki til trúnaðarupplýsinga.

- a) Land
- b) Tilgreinið þá stofnun eða aðila sem veitti meinta ólöglega ríkisaðstoð, ef það er vitað.

Ríkisstjórn:

Svæði (tilgreinið):

Annað (tilgreinið):

6. Upplýsingar varðandi meinta aðstoðarráðstöfun*

Vakin er athygli á því að upplýsingar sem veittar eru undir þessum lið teljast ekki til trúnaðarupplýsinga.

- a) Lýsið meintri aðstoð og tilgreinið í hvaða formi hún var veitt (lán, fjárstyrkir, ábyrgðir, skattaivilnanir eða -undanþágur, o.s.frv.)

- b) Í hvaða tilgangi var meinta aðstoðin veitt (ef þekkt)?

- c) Hver er fjárhæð meintrar aðstoðar (ef þekkt)? Ef þér hafið ekki nákvæma tölu gefið upp áætlaða fjárhæð og eins mikið af sönnunargögnum til stuðnings og unnt er.

- d) Hver er aðstoðarþeginn? Veitið eins ítarlegar upplýsingar og kostur er, þ.m.t. lýsingu á aðalstarfsemi hlutaðeigandi aðstoðarþega/fyrirtækis eða fyrirtækja.

- e) Hvenær var meint aðstoð veitt eftir því sem yður er kunnugt?

- f) Veljið eitt af eftirfarandi:

- Eftir því sem mér er kunnugt var framkvæmdastjórninni ekki tilkynnt um ríkisaðstoðina.
- Eftir því sem mér er kunnugt var tilkynnt um ríkisaðstoðina en hún var veitt áður en kom að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Tilgreinið tilvísunarnúmer tilkynningarinnar eða tilgreinið hvenær tilkynnt var um aðstoðina, ef það er vitað.

- Eftir því sem mér er kunnugt var tilkynnt um ríkisaðstoðina og hún samþykkt af framkvæmdastjórninni en við framkvæmd hennar voru viðeigandi skilyrði ekki virt. Tilgreinið tilvísunarnúmer tilkynningarinnar eða tilgreinið hvenær tilkynnt var um aðstoðina, ef það er vitað.

- Eftir því sem mér er kunnugt var tilkynnt um ríkisaðstoðina og hún samþykkt af framkvæmdastjórninni en við framkvæmd hennar voru viðeigandi skilyrði ekki virt.

7. Ástæður kvörtunar*

Athugið að til þess að ráðstöfun teljist ríkisaðstoð, skv. 1. mgr. 107. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, verður meint aðstoð að hafa verið veitt af aðildarríki eða með ríkisfjármunum, hún verður að raska samkeppni eða valda hættu á að samkeppni raskist með því að ívilna tilteknu fyrirtæki eða framleiðslu tiltekinna vara og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjana.

- a) Skýrið að hvaða marki um er að ræða opinbert fjármagn (ef þekkt), ef opinbert yfirvald samþykkti ekki ráðstöfun (heldur t.d. opinbert fyrirtæki), skýrið af hverju, að yðar mati, þetta megi eigna opinberum yfirvöldum í aðildarríki.

- b) Skýrið af hverju meint ríkisaðstoð einkennist að yðar mati af vali (þ.e. styður tiltekin framleiðslufyrirtæki eða framleiðslu tiltekinna vara).

- c) Skýrið hvernig meint ríkisaðstoð veitir, að yðar mati, aðstoðarþega eða aðstoðarþegum efnahagslegan ávinning.

- d) Skýrið af hverju meint ríkisaðstoð skekkir eða veldur hættu á að samkeppni skekkist að yðar mati.

- e) Skýrið af hverju meint aðstoð hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja.

8. Samrýmanleiki aðstoðarinnar

Tilgreinið ástæður þess að meint aðstoð samrýmist að yðar mati ekki innri markaðnum.

9. Upplýsingar um meint brot á öðrum reglum í lögum Evrópusambandsins og á öðrum málsmeðferðarreglum.

- a) Tilgreinið hvaða aðrar reglur í lögum Evrópusambandsins þér teljið að hafi verið brotnar með því að veita meinta aðstoð, ef það er vitað. Vakin er athygli á því að þetta felur ekki nauðsynlega í sér að þessi hugsanlegu brot verði tekin til skoðunar í rannsókninni um ríkisaðstoð.

- b) Hafið þér nú þegar leitað til þjónustuskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar eða einhverrar annarrar Evrópustofnunar varðandi þetta sama mál?

Já Nei

Ef svarið er já, látið afrit af bréfaskiptum fylgja með.

- c) Hafið þér þegar leitað til innlendra stjórnvalda eða innlendra dómstóla varðandi þetta sama mál?*

Já Nei

Ef já, tilgreinið til hvaða yfirvalda eða dómstóla leitað var og einnig ef þegar hefur verið kveðinn upp úrskurður eða dómur, látið fylgja afrit (ef tiltækt), ef málið er hins vegar enn í rannsókn vísið til þess (ef tiltækt).

- d) Veitið aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli við mat á þessu máli.

10. Fylgiskjöl

Skráðu öll skjöl og sönnunargögn sem lögð eru fram til stuðnings kvörtuninni og bætið við viðaukum ef þörf er á.

- Ætíð þegar unnt er skal útvega afrit þeirra landslaga eða annarrar ráðstöfunar þar sem finna má lagagrundvöll fyrir greiðslu meintrar aðstoðar.
- Látið ætíð fylgja þegar unnt er öll tiltæk sönnunargögn um að ríkisaðstoð hafi verið veitt (t.d. fréttatilkynningu, birta reikninga).
- Ef kvörtunin er lögð fram fyrir hönd annars aðila (einstaklings eða fyrirtækis) látið fylgja sönnun þess að þér hafið umboð til að koma fram fyrir hans hönd.
- Látið fylgja, þar sem við á, afrit af öllum fyrri bréfaskiptum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða aðra evrópska stofnun eða innlenda stofnun um sama mál.
- Ef málið hefur þegar farið fyrir innlenda dómstól/innlent stjórnvald, látið fylgja afrit af dómnum/úrskurðinum, ef hann liggur fyrir.

Ég lýsi því hér með yfir að allar upplýsingar á þessu eyðublaði og í viðaukum eru gefnar í góðri trú.

Staður, dagsetning og undirskrift kvartanda“